

Nd.

69. Frumvarp til laga

[66. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt er að stofna farskóla, sem heitir Sjóvinnuskóli Íslands, og hefur hann heimilisfang í Reykjavík.

2. gr.

Markmið skólans er:

1. Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu, sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.
2. Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þar sem stýrimannaskólanám er stundað.
3. Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pílta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum (skv. liðum 1 og 2).
4. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastígsins við ungl-ingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.

5. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum (kvöldnámskeið) meðal unglinga 13—15 ára er velja sér sjóvinnubrögð sem frjálst viðfangsefni.
6. Að aðstoða aðra aðila er beita sér fyrir svipuðum námskeiðum og um getur í 5. lið.
7. Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftast en annað hvert ár.
8. Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanevnd um slysa- og öryggismál sjófarenda með fyrirlesturum og fræðslumyndum.
9. Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa, við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim, sem sjómennsku stunda, frekari tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

3. gr.

Skólinn starfar yfirleitt í þja mánaða námskeiðum. Nemendur stýrimannaskóla skulu hafa lokið námskeiði frá sjóvinnuskólanum í síðasta lagi á 1. námsári þeirra.

4. gr.

Í skólanum skal kenna:

Sjómennsku verklega og munnlega, heilsufræði og vélfræði. Enn fremur skal með fyrirlesturum og heimsóknum í fiskiðjuver og um borð í skip og á annan hátt gefa nemendum leiðbeiningar um meðferð og verkun sjávarafurða.

5. gr.

Í hinum einstöku greinum skal kenna eftirfarandi:

Sjómennska verkleg:

Meðferð og notkun allra öryggis- og björgunartækja, sem um borð eru notuð. Alls konar hnútar, samsetning kaðla og víra. Augastunga á köðlum og vírum. Vörpu- og netaviðgerðir. Uppsetning og stokkun fiskilínu. Viðhald skipa. Seglasaumur, róðra- og siglingaæfingar, brunnaæfingar, björgunaræfingar. Notkun neyðarmerkja.

Meðferð þjóðfánans.

Sjómennska munnleg:

Kompásinn og notkun hans. Skýringar á misvísun og segulskekkju. Morsemerki. Helstu atriði siglingareglanna. Fræðsla um byggingu skipa og skipshluta. Frágangur lestarlúga. Fræðsla um brunavarnir um borð í skipum.

Heilsufræði:

Hjálp í viðlögum. Lífgun úr dauðadái. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur um borð í skipum.

Vélfræði:

Fræðsla um vélar í smærri bátum og æfingar í sambandi við notkun þeirra.

6. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu fá prófskirteini er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

7. gr.

Almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa náð 15 ára aldri.
2. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er getur orðið öðrum nemendum skaðvænn.

8. gr.

Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma skipt í 3ja mánaða námskeið.

9. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa lokið námi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík eða hlotið hliðstæða menntun. Hann skal ráða kennara við námskeiðin í samráði við Fiskifélag Íslands. Laun forstöðumanns og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Ráðherra skipar fjóra menn í skólanefnd skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands isl. útvegsmanna, Félags isl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands og er hann formaður skólanefndar.

11. gr.

Skólinn heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið, sem setur reglugerð um námskrá, kennslutíma o. fl., en Fiskifélag Íslands annast allan daglegan rekstur skólans. Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 20. mars 1963 var eftirfarandi þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglugerðir um Stýrimannaskóla Íslands og inntökuskilyrði í hann. Við endurskoðun þessa skal sérstaklega hafa í huga, hvernig auka megi þekkingu væntanlegra nemenda í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært og þá hvernig:

1. að auka og taka upp kennslu í síðasttöldu greinunum við verknám gagnfræðastigsins,
2. að stofnsettur verði sérstakur sjóvinnuskóli, þar sem væntanlegir nemendur stýrimannaskólans og aðrir fái m. a. kennslu í sjóvinnu, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.“

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar var Pétur Sigurðsson og meðflutningsmaður Eggert G. Þorsteinsson.

Skömmu síðar skipaði menntamálaráðherra nefnd til að sjá um framkvæmd ályktunarinnar. Í nefndinni áttu þessir menn sæti: Jónas Sigurðsson skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík og var hann formaður nefndarinnar, Guðmundur H. Oddsson form. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Jón Sigurðsson form. Sjómannasambands Íslands, Sverrir Júlíusson form. L.Í.Ú. og Jón Pálsson tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur.

Þessi nefnd vann mikið og gott starf. Hún skilaði ítarlegum till. að breytingum á lögum og reglugerð varðandi Stýrimannaskólann, sem nokkrum missirum síðar voru lagðar fyrir Alþingi og samþykktar með smávægilegum breytingum. Þá urðu þessar tillögur nefndarinnar ásamt tillögum einstakra þingmanna og eldri lögum grundvöllur laganna um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Einnig lagði nefnd þessi fram tillögur að frumvarpi fyrir sjóvinnuskóla ásamt greinargerð þar um.

Tillögur þessar voru sendar menntamálaráðuneytinu og hafa legið þar síðan. M. a. vegna starfs og tillagna þessarar nefndar er þetta frv. fram komið. Nokkru hefur verið aukið við tillögur nefndarinnar og skýrar kveðið á um einstök atriði, þótt höfuðtillögum hennar hafi verið fylgt.

Rétt er að undirstrika sérstaklega að skoðanir flm. og þeirra, sem unnu að framkvæmd þál. 1963 og 1964, fara alfarið saman varðandi nauðsyn slíkrar kennslu.

Vill flm. m. a. benda á þá skoðun nefndarinnar, sem hér fer á eftir og kom fram í grg. hennar:

„Nefndin var sammála um, að brýn þörf sé á sérstökum sjóvinnuskóla. Meðan þjóðin byggir afkomu sína að jafnmiklu leyti og verið hefur á sjávarútvegi og ekki er sjáanlegt annað en að svo verði í náinni framtíð, er það lífsnauðsyn þessarar atvinnugreinar, að nægur fjöldi manna fái til að vinna við hana. Frumskilyrði er að hægt sé að manna skipaflotann hæfum mönnum. Verður að teljast fyllsta ástæða til, að því máli verði sýndur fullur skilningur, og telur nefndin, að sjóvinnuskóli þar sem unglingar, er vilja leggja fyrir sig sjómennsku, fengju tækifæri til að læra algengustu vinnubrögð um borð í skipum, áður en þeir fara til sjós, mundi bæði glæða áhuga þeirra fyrir þessu starfi og gera þá hæfari til þess. Allir, sem sjómennsku hafa stundað, þekkja, að fyrir óvana menn fer talsverður tími í að kynnst störfum um borð í skipum og að full vinnuafköst nást ekki fyrr en þau störf hafa verið lærð.“

En auk þessa telur flutningsmaður að sérstaklega beri að leggja áherslu á þá staðreynd, að með samþykkt þessa frv. og stofnun og starfi slíks skóla mun öryggi sæfarenda stórukast.

Virðist tímabært að Alþingi taki til alvarlegrar athugunar hvernig draga megi úr hinni miklu áhættu sjómannastéttarinnar í starfi. Sýnist flm. að tímabært sé að meta til fjárútláta fyrir þjóðfélagsheildina, en ekki einstakar greinar sjávarútvegsins, þann óumflýjanlega kostnað, sem fylgir því, að sæmilegu öryggi og öryggisvörnum sé haldið uppi meðal sæfarenda, og það í þýðingarmesta atvinnuvegi þjóðarinnar, sem árlega virðist þurfa fórn margra mannlífa svo að staðið verði m. a. undir kröfugerð, sem aðrir þegnar gera til þessarar atvinnugreinar beint og óbeint.

Þegar þessi orð eru skrifuð er höfð í huga ályktun síðasta Sjómannasambandsþings, hins fjölmennasta sem til þessa hefur verið haldið, þess efnis, að það væri ekki útgerðin ein eða áhafnir skipa, sem undir kostnaði öryggis- og slysavarna ættu að standa, frekar af almannafé. líkt og gert er þegar stuðlað er að byggð viðs vegar við strendur landsins eða í afdöllum, með miklum fjárframlögum almennings, þótt á sumum þessara staða sé alls ekki byggilegt og búrekstur geti aldrei orðið samkeppnisfær við hina betur settu staði.

Í framsögu mun nánar gerð grein fyrir frv. þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fjallar um nafn og heimilisfang, auk þess að skólinn er farskóli.

Um 2. gr.

Í grein þessari er lýst markmiði væntanlegs sjóvinnuskóla. Að öðru leyti en því, sem kemur fram í greinargerðinni, þarf greinin ekki skýringa við.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að skólinn starfi með námskeiðsfyrirkomulagi og standi hvert námskeið í 3 mánuði. Er þar miðað við sama tíma og tíðkast yfirleitt við erlenda sjóvinnuskóla. Um daglegan kennslutíma yrði svo nánar kveðið á í reglugerð. Þá er gert ráð fyrir, að nemendur Stýrimannaskólans skuli hafa lokið námskeiði frá

sjóvinnuskólanum í síðasta lagi á 1. námsári þeirra. Æskilegast væri, að menn hefðu lokið slíku námskeiði áður en þeir byrjuðu nám við Stýrimannaskólann, en þar sem þann skóla sækja menn alls staðar að á landinu og gera má ráð fyrir að aðstaða sé ekki fyrir alla að hafa lokið sjóvinnunámskeiði, þótt þeir hafi nægan siglingatíma til þess að geta sest í Stýrimannaskólann, þykir nefndinni ekki fært að útiloka þá frá skólavist af þeim sökum.

Um 4. gr.

Fjallar um námsgreinar þær, er kenna skuli við skólann.

Um 5. gr.

Í þessari grein er sundurliðað það, sem kenna skal í hverri grein. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um einstök verkefni.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að aldur þeirra, er prófi ljúka frá sjóvinnuskólanum, sé 15 ára og eldri. Þó er ætlað að skólinn haldi kvöldnámskeið fyrir unglinga 13—15 ára, sbr. 4.—5. tölulið 2. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstökum forstöðumanni við skólann. Ef skólinn starfaði hins vegar sem sérstök deild úr Stýrimannaskólanum, má telja eðlilegt, að skólastjóri þess skóla hefði yfirumsjón deildarinnar með höndum og réði þá kennara til hennar, í samráði við viðkomandi ráðuneyti, og væri einn þeirra yfir-kennari, er hefði með höndum daglega umsjón deildarinnar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.